

Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 17. janúar 2024

### Umsögn Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér stefnu og efni frumvarps til laga um sjávarútveg. Hér verður hvorutveggja lagt mat á frumvarpið sjálft og þá meginsýn sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar sem liggur jafnhliða frammi til umsagnar. Landvernd mun að ofangreindu sögðu leggja mestu áherslu á þá þætti sem varða umhverfismál, vistkerfi/lífriki sjávar og tengd málefni.

#### Almennt

Að mati Landverndar hafa kynningar til umsagna um verkefnið verið til mikillar fyrirmyndar. Sérstakir starfshópar Auðlindarinnar okkar hefðu á hinn veginn gjarnan mátt hafa nánara samráð við umhverfisverndarsamtök á borð við Landvernd. Landvernd telur sem áður að stórutgerðin hafi haft alltof mikið vægi sem hefur leitt til samþjöppunar á kostnað meðal annars smærri útgerða sem beita vistvænni aðferðum við veiðar. Landvernd hvetur ráðherra til að takast á við þá stöðu sem fáar stórar útgerðir hafa markað sér allt frá því kvótakerfið var tekið upp í mikilli andstöðu við þjóðina. Stærri ákvarðanir sem varða eina af grundvallarauðlindum þjóðar ætti lúta þjóðaratkvæðagreiðslu. Fiskveiðistjórnun er nauðsynleg, annað er hvernig gæðunum er skipt og þar eiga stjórnvöld að gæta þess að deila gæðunum með jafnari hætti og það talar í anda heimsmarkmiðana.

Ráðandi staða örfárra stórra útgerðarfyrirtækja eins og mál hafa þróast á síðustu áratugum hefur sannarlega ekki verið til sátta. Samþjöppunin og meðferð auðlindarinnar hafa á síðustu árum gengið erfðum kynslóða á milli þrátt fyrir að eignarhald sé ekki til staðar. Þessi staðreynd hefur skapað mikið ósamlyndi í samfélaginu sem seint verður ráðin bót á nema með sanngjarnari skiptinu þessarar sameiginlegu auðlindar. Áframhaldandi samþjöppun auðs og valds á grunni auðlindastefnu um sjávarútveg verður því að fasa út meðal annars til að þessi sameiginlega auðlind erfist ekki á milli kynslóða eins og um eignarréttarlega heimildir séu að ræða. Þennan þátt verður að brjóta upp í öruggum skrefum svo hægt sé að skapa sátt um framtíðarfyrirkomulag sem tryggir réttlátari skiptinu. Það er því sérstaklega jákvætt að Matvælaráðherra leggur í stefnu sinni mikla áherslu á gagnsæi innan þessarar greinar þar sem leikendur á stóra sviðinu hafa beitt ýmsum aðferðum til að hylja slóð eignarhalds og eignamyndunar í þessari undirstöðu atvinnugrein.

#### Frumvarp til laga - Markmið

##### 1. gr.

Landvernd lítur svo á að stærsti einstaki þáttur þess að viðhalda sjálfbærri nýtingu sjávarauðlindarinnar sé að hún sé tryggð í sameigin þjóðarinnar en skipting og nýting þessarar auðlindar er ekki eins og þjóðin hefði viljað sé litið til þeirra skoðanakannanna sem gerðar hafa verið. Hlutur smærri útgerða með vistvænni veiðarfærum og minni losun CO<sub>2</sub> og verðmætari afla mun vonandi fá aukið vægi í framtíðinni enda hafa tækni framfarir við veiðar verið mjög miklar á síðustu árum sem hefur meðal annars þýtt að hægt er að ná margfalt meiri afla en áður var með smærri útgerðum sbr. með krókaveiðum, hvorutveggja línuveiðum og handfærum. Staðreyndin er sú að það er fyllilega raunhæft að fasa út í áföngum hluta af togaraflotnum sem valda langmestu tjóni á lífríki sjávar á hvaða mælikvarða sem litið er og færa þannig veiðiaðferðirnar yfir á vistvænni veiðarfæri og auk þess að koma með verðmætari afla á land. Með stórtækum botnskaðandi veiðarfærum sbr. stór og þung troll og hlera er um að ræða að hlífa sjávarbotni og uppeldisstöðvum og búsvæði fiskjar og spara CO<sub>2</sub>, losun hvorutveggja vegna uppróts frá sjávarbotni svo og vegna mikillar eyðslu togskipa á jarðefnaeldsneyti.

Markmið laganna verður fyrst og síðast að stuðla að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og sjálfbærri umgengni við þessa

mikilvægu auðlind.

#### **4. gr. Stjórnsýsla sjávarútvegs og hnökrar á henni.**

Hvað varðar eftirlit og stjórn verður að mati Landverndar að tryggja að grunnstofnanir njóti fjárveitingar svo þær geti sinnt sínu eftirlitshlutverki. Áreiðanlegt eftirlit er grunnurinn að því að hægt sé að stunda nýtingu sjávarauðlinda með sjálfbærum hætti. Þar má nefna Hafrannsóknarstofnun sem og Fiskistofu. Mikilvægt er að gefa Fiskistofu ríkari heimildir til að sinna eftirliti og beita viðurlögum svo ekki sé farið á svig við þá umgjörð sem er til staðar en þarf að styrkja. Af mörgu er að taka en í þessu sambandi mikilvægi að herða eftirlit með svokallaðri endurvigtun sem er viðurkennt vandamál sem lengi hefur verið tekist á um en reikna má með að gríðarleg frávik séu til staðar. Að sama skapi undir lið 6. gr. styður ofangreind mikilvægi þess að byggja afstöðu og verndarstöðu nytjastofna á vísindalegum grunni en það verður þá aðeins gert með að styrkja stöðu vísindasamfélagsins sem áður er getið.

#### **7.gr. Vistkerfisnálgun, varúðarnálgun og aðlögunarstjórnun.**

Landvernd fagnar þeim grundvallarsjónarmiðum hvað varðar að tryggja verndarstöðu nytjastofna með vistkerfisnálgun byggða á varúðarsjónarmiðum. Grundvöllur þess ber aftur og enn að stjórnvöld hafi yfirsýn á stöðuna út frá rannsóknum sem verður að styrkja.

#### **8.gr. Ákvörðun um nýtingu.**

Ljóst er ákvörðun um nýtingu verður að haldast í hendur við það efni sem getið er í þeim gr. sem hér hefur verið fjallað á undan. Grunnurinn til að koma í veg fyrir hverskyns ofnýtingu á auðlindum sjávar eru haldgóðar rannsóknir og vísindaleg nálgun og ráðgjöf.

#### **9.gr. Nýting í atvinnuskyni**

Hér má minna á misskiptingu þessarar takmörkuðu auðlindar að framtíðarmarkmiðið verði að vera jafnari og dreifðari úthlutun veiðiheimilda sem byggð verður meira á vistvænni veiðarfæranotkun en hingað til á grunni sjálfbærrar þróunar .

#### **10. gr. Nytjastofnar innan netalaga.**

Mikilvægt er að fram fari ítarlegar rannsóknir á langtímaáhrifum þess að efla vinnslu á sjávargróðri sbr. stórþara og öðrum þeim gróðri sem þarf að kanna hvaða þolmörk hafa til endurnýjunar svo og einnig með tilliti til þess hvaða áhrif t.d. þarasláttur kunni að hafa á annað lífríki en sem þekkt er gegnir þari margvíslegu hlutverki í vistkerfinu. Meðal annars nærast ígulker að hluta á einmitt þara. Þá liggja einnig fyrir að rannsaka þarf nánar gildi þara við sjávarstrendur landsins þar sem talið er að hann dragi verulega úr sjógangi og þar með landbroti. Möguleiki er því til staðar að verði farið í stórtækan þaraskurð þá kunni það að leiða til aukinnar áættu á landbroti á þeim svæðum sem slíkt yrði viðhaft en þari er talin hafa dempandi áhrif á sjávangang. Þá skal minna á að ákveðnar tegundir fiskjar nýta þaragróður sér til skjóls og eru að vissu marki búsvæði þeirra og nægir þar að nefna grásleppu og rauðmaga, sprettfisk og fl.

### **III. Kafli**

#### **11. gr. Rannsóknir, verndarsvæði og veiðisvæði**

Mikilvægt er að veita leyfi til margvíslegra rannsókna í efnahagslögsögunni og stunda þar með ólíkar veiðitilraunir. Landvernd leggur þá áherslu á að aðeins verði beitt vistvænum aðferðum við slíkar tilraunir. Má í þessu sambandi hvetja til þess að gerðar verði t.d. tilraunir með gildruveiðar á humri í stað botnstrollsveiða en í því sambandi má nefna að ábyrgar þjóðir af nærgætni við sínar auðlindir hafa með öllu hætt notkun botntrollum við humarveiðar og alfarið tekið upp gildruveiðar með góðum árangri sem hafa einmitt stuðlað að vernd þeirra vistkerfa sem þar er að finna. Með gildruveiðum á humri er sömuleiðis verið að hámarka gæði þeirrar vöru sem fer til vinnslu og á markað þar sem humarveiðar með trollbúnaði brjóta mikið af humri sem fellur um flokk sem gerist ekki með gildruveiðum. Sömuleiðis ætti að hafa hið sama í huga varðandi hefðbundnar trollveiðar á nytjastofnum þar sem umtalsvert af afla skemmist m.a. vegna mikils þrýstings sem myndast á fisk sem er neðst í trollum og á þetta sérstaklega við þegar mikill afli kemur á skömmum tíma inn í troll. Auk þess kemur oft mikill meðafli í troll sem ekki er ætlun að veiða auk þess smáfiskur sem aukinn hætta er á að verði kastað fyrir borð. Þá kremst umtalsvert magn af fiski við notkun þungra botntrolla og hlera sem kremja fisk sem fer undir trollið og berst því aldrei upp í skip.

## 12. grein. Verndarsvæði í hafi

Landvernd fagnar áherslu á þetta mál. Mikilvægt er að Ísland taki skuldbindingar um 30% vernd í hafi fyrir árið 2030 alvarlega og leggi því mikla áherslu á markvissar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar í þessum efnum og þá ekki síst á landgrunnið ásamt fjörðum og flóum hér við land. Að sama skapi er mikilvægt á þessu tímabili sem er til stefnu óvistvænum trollveiðarfærum sem valda skaða á vistkerfum verði útvistað af grunnslóð og einvörðungu verði þar notast við krókaveiðar, þ.e. línu og handfæri og gildir eftir atvikum. Þá getur verið ástæða til að horfa til nýtingar fyrir minni snurvoðarbáta enda sé það í þeim tilgangi að veiða flatfisk á botni þar sem ekki eru viðkvæm búsvæði helstu nytjastofna til staðar sbr. þorsk. Þá vill Landvernd benda á mikilvægi þess að valinn verði verndarsvæði þar sem sannarlega er verið að horfa til að vernda lífrík búsvæði. Verður þá að horfa til þess að vernda þau svæði bæði gegn veiðum, sérstaklega botnskemmandi veiðarfærum en líka gegn hvers kyns námuvinnslu og annars konar raski sem ekki tilheyrir fiskveiðum sérstaklega en þess er ábótavant í núverandi lögum og krefst tveggja mismunandi lagasetninga fyrir sama svæðið. Svo engum vafa sé undirorpið þá hefur það takmarkaðan tilgang að velja hafsvæði til verndunar þar sem er um lágmarksviskerfi að ræða og litlar líkur á raski hvort sem er. Þar má nefna stór svæði suður af landinu á miklu dýpi. Tilgangur verndunar fellst í að það sé verið að hlífa vistkerfum á tilteknum svæðum öllum til hagsbóta bæði þeim sem nýta og vilja vernda. Verndun tiltekinna mikilvægra uppeldis og búsvæða er því í raun grundvöllur fyrir viðgangi og sjálfbærri þróun vistkerfa sjávar sem auðlindin á allt undir að byggð sé á.

## 13.gr Viðmiðunarlína og veiðisvæði eftir tegund veiðarfæra.

Hér í kafla skal hafa það sem komið hefur fram ofangreindum skrifum hér að stýra skuli veiðarfæranotkun og tegundum veiðarfæra með þeim hætti að þar sem er sannarlega hægt að sýna fram á að það sé hægt að veiða tiltekin úthlutaðan afla með vistvænum veiðarfærum sbr. krókum skuli þeim aðferðum skilyrðislaust beitt enda hefur slíkt í för með sér stýringu og með áherslu á sjálfbærar veiðiaðferðir þar sem allt helst í hendur, hvort þá heldur er um að ræða losun loftslagseyðandi efna, betri meðferð, gæði afla og tryggingu fyrir að botndræg veiðarfæri sem valda annarskonar mengun valdi ekki enn meira tjóni á vistkerfum en orðið er. Nýlegt dæmi til sönnunnar plastmengunar í hafi eru gríðarlega alvarleg áhrif óæskilegra veiðarfæra sem hafa orðið eftir í sjó og þar hefur en og aftur botntrollinn lang alvarlegustu áhrifin. Vegna samdráttar í hefðbundnum netaveiðum við Íslandsstrendur á árum áður má ætla að á næstu áratugum muni hluti svokallaðra drauganeta minnka þó enn gæti áhrifa þeirra á lífríki.

## IV KAFLI

### 15. gr. Veiðar og veiðileyfi - veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands

Erlent eignarhald á að banna í sjávarútvegi enda hefur sýnt sig að þar hefur reynst erfitt að greina gagnsæi hverjir eru raunverulegir eigendur þessa hluta. Rekjanleiki þess er ekki opin þannig að engin trygging er fyrir því að stærstu hagsmunaðilar í íslenskum sjávarútvegi geti ekki stofnað erlend eignarhaldsfélög sem fjárfesti svo í þeim hluta sem má vera í erlendri eigu og þar með aukið hlut sinn langt umfram þá hámarks aflahlutdeild sem hver útgerð má eiga lögum samkvæmt í útgefnum heildarkvóta.

### 16. gr. Veiðar til eigin neyslu

Hér er um grundvallarmannréttindi að ræða þar sem fiskveiðiauðlindin er í eigu þjóðarinnar. Matvælaráðherra er því eindregið hvattur til að standa vörð um þessa grein laga um stjórn fiskveiða.

### 17. gr. Veiðileyfi fiskiskipa.

Landvernd vill hvetja ráðherra til að setja inn í lög þessi ívilnanir í þágu smærri útgerða eins og staðan er þar sem ekki hefur tekist að þróa orkugjafa til stærri útgerða enn þann dag í dag. Í ljósi loftslagsaðgerða er því tilvalið að ívilna smærri bátum með sértækum aflaheimildum t.d. í strandveiðikerfinu með því að setja fram auknar aflaheimildir til smábáta sem um leið eru til þess fallnar að hvetja til fjárfestingar í t.d. rafvæðingu smábáta sem er orðið raunhæf aðgerð í þágu loftslagsaðgerða. Forsenda breytinga til að slík aðgerð nái fram að ganga er að ívilna smæstu útgerðunum með sérstökum aflaheimildum sem um munar svo þær ráði í raun fjárhagslega við að ráðast í orkuskiptin.

### 19. gr. Veiði og meðferð afla

Fyrir liggur að veiðarfæri sem eru hvað mest notuð eru í dag og hafa verið í áratugi eru þess eðlis að afli mun alltaf skemmast að hluta þar sem veiðarfærin eru einfaldlega of stórtæk til að koma í veg fyrir illa meðferð á afla, þetta á bæði við um botntroll og stórtæk uppsjávarveiðarfæri eins og flottroll. Langstærstur hluti hluti þess afla sem skemmist eða er eyðilagður kemur frá togurum og flottrollum og því væri viðeigandi á það væri skrifað sérstaklega inn í staðinn fyrir að tilgreina algjörlega minniháttar þátt í þessum atriðum sem varðar selbitinn fisk. Athygli vekur á hinn veginn í þessum málum sem er gott að það er viðurkennt að það séu stundaðar veiðar sem ekki er hægt að komast hjá að afli verði skemmdur við veiðar og þar væri þá rétt að tiltaka um hvaða veiðarfæri er að ræða.

Skírskotun í 19.gr. *“selbitinn eða skemmdur á annan hátt og **ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar.**”*

## 20. gr. Skráning og skil aflaupplýsinga

Í þessari grein er ástæða til að skerpa á orðalagi þar sem engin vafi má vera til staðar.

tilvitn. *“Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskipuskipaflotans þannig að **jafnan liqqi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma.***

Hér ætti að standa feitletruð tilvitn *“alltaf / ætíð liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar”.*

Þá væri viðeigandi að þarna fylgdu ákvæði um að ef upplýsingar innihaldi ákveðin frávik við eftirlit að við því skuli liggja viðurlög enda sé sýnt fram á að um fölsun upplýsinga sé að ræða.

## 23.gr Veiðarfæri

Fyrir liggur að ákveðnar gerðir og búnaður veiðarfæra og afleiðingar af notkun þeirra eru að einhverju leiti kunnar. Í þessum efnum er einmitt mikilvægt að gerðar séu viðhlítandi rannsóknir á sannarlegum áhrifum svo hægt sé að ávarpa það með skýrum hætti. En aftur og enn benda þær rannsóknir sem hafa verið gerðar til að botntroll valdi langmestum skaða og svo hafa flottroll annarskonar annmarka sem valda skaða á lífríki. Netaveiði hefur dregist saman sem er vel eins og áður hefur komið fram en mikilvægt að vaktað sé hvernig þær veiðar eru stundaðar og tryggt sem best að slíka veiðarfæri verði ekki skilinn eftir slitni þau niður og hið sama á við um þau fiskitrolla sem tapast reglulega og næst ekki að slæða upp af hafsbotni. Ástæðan fyrir uppsöfnun plast og nælonefna í hafi sem brotnar niður í örplast og rekur síðan á land með afleiðingum fyrir önnur vistkerfi og dýralíf eins og áhrif á fugla eru vel þekkt. Matvælaráðuneytið er því hvatt til að horfa til frekari rannsókna á þessum þætti og einnig horfa til þeirra rannsókna sem þegar liggja fyrir.

## 24. gr Veiðar úr tilteknum stofnum

Landvernd tekur heilshugar undir mikilvægi þess að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofnum og ekki síður á veiðislóðum þar sem meðafli er í óeðlilegu hlutfalli. Þekkt er að meðal annars að margvíslegur meðafli smáfiskjar slæðist með á ákveðnum fiskislóðum og því mikilvægt að taka á því þegar upp kemur. Þá er sömuleiðis hættast við brottkasti aukategunda m.a. smáfiskjar, sbr. ufsi. ýsa, karfi og í tilvikum þorskur. Að sama skapi þarf að setja hömlur á veiðisvæði sem og hefur verið gert þar sem þekkt er að smáþorskur heldur sig, tímabundið eða til lengri tíma.

## 25. gr Grásleppuveiðar

Auka þarf nánari rannsóknir á stofnstærð grásleppu og hvernig farleiðir hennar eru m.a. á grunni þess að umtalsvert magn af grásleppu berst að landi sem meðafli í öðrum veiðarfærðum sbr. flottroll og fl. Mikilvægt er að kanna til hlýtar mögulegt samspil annarra veiðarfæra á stofnstærð grásleppu og hvaða þættir það eru sem valda mjög miklum sveiflum á stofnstærð. Þá skal í þessum efnum hafa í huga ef nýting þangs og þara yrði leyfð hvaða mögulegu afleiðingar það gæti haft á viðgang grásleppu og hrognkelsa.

## VI KAFLI

### Vigtun og skráning sjávarafila.

Landvernd leggur megináherslu á undir þessum lið að matvælaráðherra geri allt sem hægt er í frumvarpi þessu til að sporna við svokallaðri endurvigtun. Slík meðferð á auðlindinni til hagsbóta fyrir stórútgærðina ofan á aðra misskiptingu sem byggð hefur

verið inn í kerfið er eðli máls ekki hægt að líða. Landvernd fagnar því áhuga matvælaráðherra að ráðast gegn þessu meini sem stenst enga skoðun um sjálfbærar veiðar þar sem alltof stórum hluta afla er komið framhjá vigt og gefur því mjög ranga mynda af stöðunni. Þessu til stuðnings má vitna til heimildabáttar sem gerður var fyrir nokkrum árum þar sem starfsmenn. Að þessu tilefni er rétt að benda á þátt á rúv sem varpar ljósi á raunverulega stöðu og afleiðingar endurvigtundar og brottkasts sem sannarlega er enn til staðar þó einhverjir þættir máls kunni að hafa verið lagaðir. ”[Þórhallur Ottesen](#), segir **það hafa alla tíð verið mjög erfitt fyrir stofnunina að vinna að eftirliti vegna reglugerðanna sem stofnunin þarf að framfylgja. Hann starfaði sem eftirlitsmaður og síðar deildarstjóri landeftirlits Fiskistofu í ríflega 20 ár.** „**Það sem er náttúrulega galið við þetta er það að útgerðirnar fái að endurvigta fiskinn sjálfir. Þetta getur ekki gengið og hvergi nokkurs staðar í heiminum gengur þetta,**“ segir hann.

Landvernd þrýstir á að sérstaklega verði farið í betrubætur á öllum málum sem eru til þess fallin að uppræta alla tilburði stórútgerðarinnar og taka á þessari langvarandi brotalöm sem hefur viðgengist í umgengni við sjávarauðlindina áratugum saman eða allt frá því kvótakerfið var tekið upp.

## VII KAFLI Aflaheimildir

### 37. gr. Heildarafli

Almennt er Landvernd þeirrar skoðunar að gera eigi allt til þess að ná sem stærstum hluta af aflaheimildum að landi með sem vistvænustum veiðiaðferðum og því skuli útdeila aflaheimildum með tilliti til þess sem hægt er við að koma á öllum sviðum.

### 47.gr. Reglubundin upplýsingaskylda um eignarhald og eignatengsl útgerðaraðila.

Eignamyndun og eignatengsl stærstu útgerðarfyrirtækja hafa lengi verið deilumál meðal þjóðarinnar eðli málsins samkvæmt. Landvernd vill því fagna sérstaklega þeirri áherslu sem fram kemur að varpa skuli ljósi á eignatengsl og gagnsæi allt þegar um er að ræða nýtingu á sameiginlegri auðlind í eigu þjóðar. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem er til þess fallið að vinna gegn misskiptingu og samþjöppun auðs innan sjávarútvegsins þar sem reynt verði að sporna við að aflaheimildir lendi á örfárra höndum sem nú reyndar er orðið að veruleika. Landvernd lítur svo á að á grunni heimsmarkmiðana að stjórnvöldum í hverju landi beri að vinna gegn hverskyns mismunun.

### 49.gr Birting upplýsinga og fl.

Landvernd hvetur til þess að opna allt það bókhald sem Fiskistofa býr yfir með rauntímaupplýsingum um stöðu og tölulegar staðreyndir og hafa það aðgengilegt fyrir almenning svo hægt sé að veita aðhald og bregðast við eftir þörfum.

## X KAFLI

### 57. gr. Strandveiðar

Landvernd styður sérstaklega við veiðar sem hafa síður neikvæð umhverfisáhrif og þá er hvorutveggja og sameiginlega undir vistkerfi sjávar og loftslagsmál sem tengjast órjúfanlegum böndum. Landvernd styður því eðli máls sérstaklega við fyrirkomulag strandveiða. Æskilegt væri því að koma fyrir í texta í frumvarpi sérstaklega þeirri staðreynd að um vistvænar veiðar sé að ræða auk þess sem að sýnt er að afli strandveiðibáta og línuveiðara er verðmætasti afli sem að landi berst. Þannig að í stað þess að skrifa ”viðhalda verkunnáttu og menningararfi” væri falin meiri viðurkenning á þessari veiðiaðferð með því að skrifa inn í frumvarpið raunverulegan tilgang þessarar vistvænustu veiðiaðferðar sem við höfum úr að velja. Að sama skapi liggur fyrir að strandveiðar eru eina frjálsa fyrirkomulagið til að viðhalda þessari vistvænu veiðiaðferð sem er auk þess til að styðja við veikari byggðir og fjölbreytni í útgerðarháttum. Þá eru hvergi meiri möguleikar í dag á orkuskiptum eins og meðal smábáta sem stunda strandveiðar sem er enn einn þátturinn sem styrkir þetta jákvæða útgerðarform.

## XI KAFLI

### 68. gr. Sjávargróður

#### Leyfi til nýtingar sjávargróðurs

Landvernd vill minna á að engin heildstæð stefna liggur fyrir sem byggð hefur verið á nægjanlegum rannsóknum hvað varðar nýtingu á sjávargróðri hér við land. Landvernd hvetur til þess að skerpa enn betur á í frumvarpi þessu hvað þurfi að liggja til grundvallar áður en ákvarðanir eru teknar um að setja nýtingu þessa á dagskrá. Landvernd hefur áður vikið að ákveðnum

áhrifabáttum og mögulegu mikilvægi samspils þangs og þaragróðurs við annað lífríki sem og áhrif þess á sjávargang við ströndina. Möguleg ofnýting gæti haft óafturkræfar afleiðingar og taka verður tillit til þess að margar tegundir sjávargróðurs eru hægvaxta og því þarf að gæta að mörgum þáttum áður en ákveðið er hvort nýting sjávargróðurs af öllu tagi samræmist viðhaldi og viðgangi líffræðilegrar fjölbreytni, þar sem einn þáttur í vistkerfi okkar getur haft mögulega mjög neikvæð áhrif á annað lífríki.

## XV KAFLI

### Eftirlit

#### 82. Eftirlit Fiskistofu

Landvernd hefur áður vikið að mikilvægi eftirlits varðandi þessa mikilvægu auðlind í eigu þjóðar. Virkt eftirlit og gagnsæi er einnig grundvallaratriði þess að byggja upp traust á þessari grein eins og áður hefur komið fram. Fiskistofa gegnir lykilhlutverki hvað varðar þessa mikilvægu grein og því þarf að styrkja stofnunina verulega svo hún hafi möguleika á að sinna þeim skyldum sem henni ber. Landvernd leggur áherslu á sömu nálgun við 86.gr í frumvarpi þessu um eftirlit með veiðum sem og gr. 87. með vinnslu og þá bæði á sjó og í landi.

## XVI KAFLI

### gr. 88

Landvernd styður tillögur í frumvarpi þessu hvað varðar gjöld vegna ólögmeats sjávarafla. Hið sama má taka undir í öðrum greinum þessum sem varðar þvingunarúrræði eftir því sem við á enda hefur ákveðin hvati verið til staðar sem veldur freistni að láta á reyna.

### 91. gr. Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

Landvernd styður sannarlega að gerðar séu öflugar rannsóknir, nýsköpun og menntun á sviði sjávarútvegs og skal þá fjármagna slíkan sjóð af greininni sjálfri sem situr helst að því að nýta auðlindina og nýtur afraksturs hennar helst. Mikilvægt er að stjórn verkefnasjóðs sé skipuð ótengdum aðilum í sjávarútvegi og gætt verði jafnvægis í þeim verkefnum sem styrkt eru milli ólíkra greina innan sjávarútvegsins.

## XVII. KAFLI

### Viðurlög.

Landvernd styður að fullu þennan kafla í frumvarpi. Ef farið er á svig við lög og reglur í þessum atvinnuvegi eins og öðrum þá sé óhjákvæmilegt að beita viðurlögum sem hafa tilhlýðileg áhrif. Viðurlög verða hverju sinni eðli máls að taka mið af alvarleika brota og alltaf þannig að sá sem brýtur lög eða reglur þurfi að greiða mun meira en viðkomandi hafði hagnast á brotinu. Þá skal skilyrðislaust ef tilefni þykir að beita sviftingu á veiðileyfi, stöðvun vinnslu og nýtingar nytjastofna til lengri eða skemmri tíma. Aðeins slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að hindra að brot séu ekki endurtekin.

### Losun gróðurhúsalofttegunda – sérstök áréttning án tilvísunar í frumvarp.

Stjórn Landverndar styður að komið verði á stofn sjóði sem hvetur til samdráttar í losun frá sjávarútvegi en telur skorta samtal innan greinarinnar um beinan samdrátt í losun. Þó slíkur sjóður ætti að vera í umsjón ríkisins telur Landvernd óeðlilegt að ríkið leggi fjármagn inn í svo stóra og umdeilda atvinnugrein. Að mati Landverndar ætti að fjármagna sjóðinn í gegnum kolefnisgjöld/mengunargjöld á sjávarútveginn sjálfan þannig að þeir sem losa mest greiði mest. Sjóðurinn gæti þá fjármagnað kaup á búnaði sem þarf til þess að draga úr orkunotkun og losun í sjávarútvegi en um leið lagt hömlur á þá sem ekki vilja breyta. Til framtíðar þarf svo að íhuga alvarlega að banna veiðarfæri sem valda mestri losun, bæði beint og óbeint, eins og botnvörpur.

Þá er rétt að benda á að orkusjóður úthlutar í dag háum fjárhæðum til ríkra sjávarútvegsfyrirtækja og til fiskeldis til kaupa á búnaði sem telja verður í hæsta máta vafasamt. Hætt er við því að ef ríkissjóður á að standa undir orkuskiptum í sjávarútvegi þá sé ekki verið að höfða til ábyrgðar þeirra sem valda menguninni. Að sama skapi þarf að sækja til þeirra í meira mæli til þeirra sem þurfa á rafvæðingu hafna að halda og má þar í mörgum tilfellum nefna að

skemmtiferðaskip ættu að bera mun ríkari kostnað heldur en er í dag t.d. með sérstöku komugjaldi eða mengunarskatti sem væri síðan notaður í innviðauppbýggingu til að mæta rafvæðingu hafna ásamt stórútgerðinni. Risastór atvinnuvegur sem skilar gríðarlegum hagnaði ár eftir ár og rennur í vasa einkaaðila vegna nýtingar á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, getur ekki þar að auki þegið fjármagn úr vasa almennings til þess að fara í eðlilegar umbætur á eigin starfsemi. Besta leiðin sem stjórnvöld hafa til þess að draga úr losun almennt en einnig frá einstökum starfsgreinum er því að leggja á hærra kolefnisgjald. Kolefnisgjald í Svíþjóð hefur haft mjög jákvæð áhrif á samdrátt í losun án þess að hafa neikvæð áhrif á efnahaginn. OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa gefið út að kolefnisgjaldið verði að hækka til þess að ná Parísarsamkomulaginu. Ef settur verður á stofn sérstakur sjóður þar sem kolefnisgjaldinu er dreift aftur til greinarinnar í loftslagsvænar aðgerðir er líklegt að atvinnuvegurinn sjálfur geti tekið þannig gjald í sátt. Því ættu stjórnvöld að stefna að hækkun kolefnisgjalds á fiskiskip og afnema undanþágu af olúgjaldi<sup>12</sup>. Heimili á Íslandi greiða 58% af þeim umhverfissköttum sem greiddir eru á Íslandi<sup>13</sup> sem er í engu samræmi við uppsprettu umhverfisskaðans. Þannig nota fiskiskip 30% af allri olíu seldri á Íslandi en bifreiðar 37%<sup>14</sup>, sem innifelur líka alla þungaflutninga og bílaleigubíla. Landvernd leggur til að öll stærri sjávarútvegsfyrirtæki haldi opinbert kolefnisbókhald. Það styður einnig við tillögur Landverndar um kolefnisgjald.

<sup>12</sup> [Olúgjald | Skatturinn - skattar og gjöld](#)

<sup>13</sup> [Umhverfisskattar á Íslandi 2011-2021 - Hagstofa Íslands](#)

<sup>14</sup> [Eldsneytisnotkun — Orkustofnun](#)

#### Að lokum

Þrátt fyrir nokkur atriði sem Landvernd bendir á sem telja má að betur megi fara vill Landvernd fagna sérstaklega flestum þeim áherslum sem settar eru fram hvað varðar umhverfi og umgengni við sjávarauðlindina sem og skýrum atriðum er lúta að gagnsæi í frumvarpi þessu.

Landvernd vill þó minna á að ástæða væri í ljósi þess að plastmengun í hafi kemur að langmestu leyti frá fiskiskipaflotanum að sett væri ákvæði inn sem tæki á þáttum sem miðuðu að því að draga sérstaklega úr plastmengun sem sannarlega hefur haft víðtæk neikvæð áhrif. Hið sama á við um þá sérstöku stöðu útgerðar hvað varðar úrvinnslugjald sem ráðherra hefur að mati Landverndar fullan hug á að koma í betri farveg eftir því sem ráðuneytið hefur tök á. Mikilvægt væri því t.d. ef verkefnasjóður sjávarútvegs gæti stutt verkefni sem væri til þess fallinn að farið yrði í heildstæða rannsókn á plastmengun í hafi við Ísland með það að markmiði að reyna að leita uppruna mengunarinnar sem og hvernig skuli lágmarka og eða fasa út efni sem eyðast ekki í náttúrunni sem með óbreyttu sniði verður mikil og áframhaldandi áskorun. Því miður lítur þessi mengun en og aftur að langmestu leyti að veiðarfærum togskipa af öllum stærðum og gerðum.

*Með vinsemd og virðingu  
F.h. Landverndar*

*Þorgerður M Þorbjarnardóttir*